



Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Fjarðabyggð, 14.06.2018  
Tilvísun 1706148/13.9

## Útstreymisbókhald fyrir árið 2017

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald ber fyrirtækum sem falla undir I. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006 að skila til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá hverri starfsstöð fyrirtækisins, þar sem losun efna frá starfsstöðinni er yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006.

Urðunarstaður Fjarðabyggðar í Þernunesi fellur undir viðauka I og hefur áætlaða heildarafkastagetu 63.000 tonn og tekur við um 7 tonnum á dag. Urðunarstaðurinn uppfyllir því þröskuldsgildi fyrir heildarafkastagetu.

Til að meta magn metans sem myndast á urðunarstaðnum var notað úrgangslíkan frá IPCC 2006. Fyllt var út í líkan með magni úrgangs sem urðað var frá árinu 1997 til ársins 2017. Skv. líkaninu er myndun metangass á urðunarstaðnum 0,09 Gg eða 90.000 kg á árinu 2017. Losun er því undir viðmiðunargildi fyrir losun í II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006.

Reglubundið eftirlit er með sigvatni skv. starfsleyfi urðunarstaðar. Mæliniðurstöður úr sýnatöku sem fór fram í október 2017 eru meðfylgjandi. Rennslismælingar á sigvatni hafa ekki farið fram en rennsli hefur verið metið um 7 l/s. Ef það rennsli er notað til að meta magn mældra efna á árinu 2017 kemur í ljós að losun efna sem greind eru skv. starfsleyfi eru ekki yfir viðmiðunargildum í II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006.

Losun efna sem mæld hafa verið frá urðunarstaðnum eru ekki yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 166/2006 svo ekki er fyllt út í útstreymisbókhald sem er meðfylgjandi.

Virðingarfyllst,

Ragna Dagbjört Davíðsdóttir  
Verkefnastjóri umhverfismála

Meðfylgjandi:  
Rannsóknarniðurstöður Matís Örverurannsóknir  
Rannsóknarniðurstöður frá ALS dag. 10. október 2017  
Útstreymisbókhald 2017

Fjarðabyggð	Sími 470 9000
Hafnargötu 2	www.fjardabyggd.is
730 Fjarðabyggð	Þú ert á góðum stað

Mjóifjörður
Norðfjörður
Eskifjörður

Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður